

að honum hafi borið eftirlit í þessa átt vinstra megin við ökutækin. Ákærði brást því þessari skyldu sinni, er hann breytti svo afstöðu, að hann sá eigi hverju fram fór vinstra megin við ökutækin. En með því að eigi er upplýst, með hverjum hætti drengurinn varð fyrir ökutækjunum, þá verður heldur eigi um það sagt, hvort ákærði hefði getað afstýrt slysinu eða ekki, enda þótt hann hefði innt af hendi fyrrgreint verk sitt, svo að eigi hefði verið að fundið. Það er því eigi sannað, að slysið sé afleiðing af skyldubroti ákærða eða gáleysi og ber þar af leiðandi að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarláun til skipaðs verjanda ákærða, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, kr. 50.00, greiðist úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus

Föstudaginn 15. janúar 1937.

Nr. 90/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Jóhannesi Guðmundi Guðmundssyni,
Markúsi Sigurjónssyni og Vigfúsi
Reykdal Sigurjónssyni**

(Lárus Jóhannesson)

Þrír menn sóttir til refsingar fyrir bruggun áfengis. Sök tveggja talin fyrnd. Sá þriðji dæmdur.

Dómur lögregluréttar Skagafjarðarsýslu 27. nóvember 1935: Kærðir, Jóhannes Guðmundur Guðmundsson, Markús Sigurjónsson og Vigfús Reykdal Sigurjónsson, greiði hver um sig 500 króna sekt til menningarsjóðs innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hver um sig í hennar stað 25 daga einföldu fangelsi.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og ónýttast.

Kærðir greiði allan kostnað sakarinnar, kærði Jóhannes Guðmundur Guðmundsson að 1/3 hluta, en kærðu

Markús Sigurjónsson og Vigfús Reykdal Sigurjónsson in solidum að 2/3 hlutum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfengisbruggun sú, sem kærða Markúsi er gefin að sök í máli þessu, fór fram í ársbyrjun 1932, en málshöfðun útaf brotinu var honum tilkynnt af héraðsdómaranum hinn 26. sept. 1935. Áfengisbruggun sú, sem kærði Vigfús Reykdal er sakaður um í málinu, fór fram fyrir sumarmál 1933, en málshöfðun útaf brotinu var honum tilkynnt af héraðsdómaranum hinn 19. nóv. 1935. Hafa þannig, að því er þessa kærðu snertir, liðið meira en tvö ár frá því að þeir frömdu brot sín, til þess er þeim var tilkynnt málshöfðun útaf þeim. Sakir þeirra beggja voru því fyrndar samkvæmt analogíu 67. gr. almennra hegningarlaga, er mál þetta var höfðað, og ber því að sýkna þá báða af refsikröfu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Jóhannes Guðmundur Guðmundsson hefir viðurkennt það, að hafa bruggað áfengi síðast á árinu 1934 og fyrst á árinu 1935. Hann hefir því gerzt sekur um brot á 6. gr. áfengislaga nr. 64/1930, og þykir refsing hans með skirskotun til 30. gr. núgildandi áfengislaga nr. 33/1935, sem leiða til mildari niðurstöðu, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með því að áhöld þau og ílát, sem kærði Jóhannes notaði við bruggun áfengisins, eru ekki síður eftir eðli sínu nothæf til löglegra athafna en á-

fengistilbúnings, þykir ekki eins og á stendur nægileg ástæða til að dæma þau upptæk.

Prófum í máli þessu, að því er varðaði kærða Jóhannes, var lokið hinn 27. júlí 1935, og var honum þá tilkynnt málshöfðun. Eftir það snerist rannsókn málsins eingöngu um brot þeirra kærðu Markúsar og Vigfúsar Sigurjónssona, og lauk prófunum, að því er þá varðaði, hinn 19. nóv. 1935. En áfengisbruggun þeirra bræðranna var óviðkomandi broti kærða Jóhannesar og var því ekki rétt að steypa málum þeirra saman. Af þessari ástæðu, og með því enn fremur að kærði Jóhannes óskaði ekki áfrýjunar af sinni hálfu, er ekki rétt að leggja á hann allan kostnað sakar þessarar. Þykir rétt, að $\frac{1}{3}$ sakarkostnaðarins bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors, greiðist af kærða Jóhannesi, en að afgangurinn, $\frac{2}{3}$ hlutar kostnaðarins, greiðist úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Kærðu Markús Sigurjónsson og Vigfús Reykdal Sigurjónsson eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Jóhannes Guðmundur Guðmundsson greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kostnað sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsta-

réttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörns-sonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 krónur til hvors, greiði kærði Jóhannes að $\frac{1}{3}$ hluta, en að $\frac{2}{3}$ hlutum skal hann greiddur úr ríkis-sjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Guðmundi Guðmundssyni, bónda á Hellu í Akrahreppi, Markúsi Sigurjónssyni, bónda, og Vigfúsi Reykdal Sigurjónssyni, bónda, báðum hinum síðasttöldu til heimilis í Glaumbæ í Seyluhreppi, fyrir brot gegn á-fengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Mánudaginn 22. júlí síðastliðinn gerði Björn Bl. Jóns-son, löggæzlumaður, húsrannsókn eftir heimabrugguðu áfengi og bruggunartækjum hjá kærða Jóhannesi G. Guð-mundssyni á heimili hans, Hellu, samkvæmt lögreglu-réttarúrskurði, sem mælti svo fyrir, að húsleit skyldi gerð hjá öllum hinum kærðu í máli þessu og fleiri mönnum, er grunaðir væru um áfengisbruggun. Við húsrannsókn-ina þóttu sjást merki þess í húsum kærða, að bruggun hefði farið þar fram. Játtaði kærði fyrir nefndum lög-gæzlumanni, er hann var yfirheyrður við húsleitina, að hafa bruggað áfengi. Byrjaði hann að brugga áfengi milli jóla og nýjárs veturinn 1934—1935, og lagði þá 5 kg. af strásykri og 1 kg. af geri í 20 lítra af vatni, er hann hafði í hálfri tunnu (olíufati). Til bruggunarinnar notaði hann blikkdúnk, gasvél og vatnsfötu sem kæli. Eimdi hann nú nokkuð af framangreindu innihaldi tunnustampsins og fékk úr því tæpar 2 þriggja pela flöskur af áfengi. Aðra flöskuna gaf hann, en hinnar neytti hann sjálfur að nokkru leyti, en nokkru af áfenginu var hellt niður. Hefir kærði endurtekið þessa játningu sína fyrir lögregluréttinum, en neitað því aftur á móti, að hann hafi bruggað oftar en

nú hefir sagt verið og ennfremur að hann hafi selt nokkurt áfengi eða bruggað í því skyni að selja áfengi. Hefir eigi sannazt á hann frekara brot en nú hefir verið greint frá. Sama dag og framangreind húsleit fór fram á Hellu, var einnig gerð húsleit í Glaumbæ í Seyluhreppi hjá kærðu bræðrunum Markúsi og Vigfúsi Reykdal Sigurjónssonum. Í leit þessari fann framangreindur löggæzlumaður einn pela í rúmi þeirra bræðra og var í honum afarlitill seytil, er hefir reynzt að innihalda 50% alkohol eftir rúmmáli. Um pela þenna hefir eigi annað upplýstst en að hann sé eign kærða Vigfúsar, er þá hann að gjöf frá Jónasi Jónassyni, unglingspilti í Hátúni við Glaumbæ, frænda sinum, en Jónas fann pelann rétt fyrir austan sundlauginna við Reyki í Tungusveit, er hann var þar á samkomu í sláttarbyrjun 1934.

Er framburður nefnds Jónasar um fund pelans staðfestur með vitnisburði eins vitnis, er var með honum og ásjáandi, er hann fann pelann, eins og að framan er sagt, og virðist því mega treysta því, að skýrsla Jónasar um pelafundinn sé sönn, enda ekkert það framkomið í málinu, er gerir hana tortryggilega. Kærðu Markús og Vigfús hafa eindregið neitað því að hafa nokkurntíma látið áfengi á pela þenna, og hefir eigi sannazt, hvaðan áfengið, sem í pelanum var, er komið. Aftur á móti hafa þeir báðir játað fyrir lögregluréttinum að hafa bruggað áfengi, og eru hér að lútandi skýrslur þeirra á þessa leið:

Kærður Markús byrjaði á að brugga áfengi í ársbyrjun 1932 á þann hátt, að hann lagði 5—10 pund af strásykri og 1 pund af pressugeri í kollu, sem tók 15—20 lítra af vatni. Eftir hér um bil viku tíma byrjaði hann að sjóða af gerðarleginum og eimdi hann þrisvar. Fékk hann þannig samtals hér um bil 3 þriggja pela flöskur af áfengi, sem að styrkleika var á móta og dauft brennivín. Hefir hann haldið því fram, að hann hafi að þessu loknu hætt við bruggunina og ekki bruggað áfengi fyrr eða síðar. Hann gaf eina áfengisflöskuna, en neytti hins af áfenginu. Hefir hann neitað því að hafa selt nokkuð af því og eins að hafa bruggað það í því skyni að selja það. Áhöld þau, er kærði notaði við bruggunina, voru flautuketill og eir-pipa og kælistokkur úr tré og þriggjaþelafaska, auk tunnustampsins, er hann notaði við gerjunina.

Kærður Vigfús Reykdal tók að brugga áfengi eftir miðjan vetur 1933. Lagði hann tvisvar í hálf tunnu 15 pund af strásykri og hérumbil 1 kg. af rúgmjöli og hefir hann ekki þótzt muna, hvort hann notaði nokkurt ger í þetta. Lét hann þetta gerjast í ca. 3 vikur og eimdi síðan í gegnum bogna eirpípu, en notaði oliusuðuvél og blikkdúnk til suðunnar. Var bruggun hans lokið fyrir sumar-mál framangreindan vetur. Hafði hann þá fengið 6 þriggja pela flöskur úr fyrri brugguninni, en ca. 4 þriggja pela flöskur úr hinni síðari af áfengi af líkum styrkleika og brennivín. Neytti hann sjálfur áfengisins og veitti kunningjum sínum af því í góðgerðarskyni. Hefir hann neitað að hafa selt nokkuð af áfenginu, enda hefir hann haldið því fram, að hann hafi ekki bruggað það í því skyni. Hefir hann neitað því að hafa bruggað áfengi fyrr eða síðar en nú hefir verið greint.

Hefir eigi sannast á nefnda bræður frekari sök en þeir hafa meðkennt og nú hefir verið lýst.

Kærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, og hefir enginn þeirra áður sætt kæru eða dómi fyrir nokkurt lagabrot.

Framangreind brot allra hinna kærðu ber, að réttarins áliti, að heimfæra undir 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 33, 1935 og þykir refsing sú, sem hver þeirra hefir unnið til, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningar-sjóðs, og greiðist sektin innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hver þeirra um sig í stað sektarinnar 25 daga einföldu fangelsi.

Kærðu greiði allan löglega leiddan og leiðandi kostnað sakarinnar, kærði Jóhannes G. Guðmundsson að $\frac{1}{3}$ hluta, en kærðu Markús Sigurjónsson og Vigfús R. Sigurjónsson in solidum að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og ber að ónýta þau.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.
